



**Ávarp forseta Íslands
á Bessastöðum
12. desember 1997
vegna heiðursdoktorsnafnbótar
landbúnaðarháskólans
í Ási**

Það er mér sérstök ánægja að bjóða rektor landbúnaðarháskólans í Ási Roger Abrahamsen velkominn hér til Bessastaða.

Í haust voru söguleg tímamót þegar hið merka lærdómssetur í Ási fagnaði 100 ára afmæli. Við Íslendingar eigum landbúnaðarháskólanum mikið að þakka og áhrif hans á þróun íslensks landbúnaðar, skógræktar, skipulagsmála og annarra þátta okkar samfélags hafa verið mikil.

Það voru öflug hátíðarhöld í Ási vegna aldarafmælisins en því miður varð ég á síðustu stundu að hætta við þátttöku í þeim vegna þess að dagana á undan voru okkur í fjölskyldunni færðar fréttir af hinum alvarlegu veikindum Guðrúnar Katrínar. Nú er okkur sem betur fer gleði í huga vegna jákvæðs árangurs lækni meðferðar.

Ég met það mikils að rektor landbúnaðarháskólans í Ási, Roger Abrahamsen skuli hafa gert sér ferð yfir hafið og sótt Bessastaði heim eins og landsmenn hans, norskir víkingar, sem kusu Ísland til búsetu vegna landkosta þess fyrir 11 hundruð árum síðan, landið hentaði þá að minnsta kosti vel til sauðfjárræktar og skógarhöggs.

Við vitum nú vegna fornleifauppgrftar hér á Bessastöðum á undanförunum árum að fljótlega eftir að fyrsti landnámsmaðurinn frá Noregi, Ingólfur Arnarson, hóf búskap í Reykjavík, settust aðrir landnámsmenn að hér á Bessastöðum eða um árið 900 því langeldur þeirra fannst hér við húsið fyrir um tveimur árum síðan.

Búskapur að norskri fyrirmynd hefur því verið stundaður á Bessastöðum í nærri 11 hundruð ár, þótt á síðari árum hafi aðeins verið um heyskap og dúntekju að ræða. Því yrði áreiðanlega ekki vel tekið ef núverandi bóndi á Bessastöðum færi að gera kröfu til yfirvalda og

forráðamanna íslenskra bændastéttar að eðlilegt væri að Bessastaðir fengju kvóta til að stund á næstu árum kúabúskap og sauðfjárrækt hér á Bessastöðum, þessari gömlu og sögulegu jörð.

Um leið og ég bið Roger Abrahamsen velkominn til Bessastaða vil ég gefa rektor háskólans í Ási orðið.

(síðari hluti)

Það er mér mikill heiður að taka við doktorsnafnbót landbúnaðarháskólans í Ási og vera meðal þeirra fræðimanna og vísindamanna sem skólinn heiðrar á 100 ára afmæli sínu.

Ég met mikils að stjórnendur háskólans skuli við ákvörðun sína hafa haft í huga rannsóknir mínar og kennslustörf í stjórn málafræði og félagsvísindum við Háskóla Íslands þegar við fórum hér á Íslandi að byggja upp þessi fræði við Háskóla Íslands en sú uppbygging hófst fyrir röskum aldarfjórðungi síðan.

Mér er á þessari stundu ljúft að minnst samverkamanns míns hins merka norska vísindamanns, prófessors Stein Rokkan, sem naut heimsviðurkenningar bæði í félagsfræði og stjórn málafræði, fyrir brautryðjendarannsóknir sínar. Ég vona að við rannsóknir mínar á íslensku þjóðfélagi og við uppbyggingu kennslu í félagsvísindum á Íslandi hafi ég endurgoldið að nokkru þá þakkarskuld sem ég á honum og öðrum norrænum samverkamönnum fyrr á árum að gjalda.

Ég lít einnig á þennan heiður sem viðurkenningu landbúnaðarháskólans í Ási á hlutdeild fjölda íslenskra námsmanna og fræðimanna í þróun skólans og eins konar gleðitilkynningu um ánægju skólans yfir að hafa fóst það slíkan fjölda Íslendinga á löngum ferli. Enginn einn háskóli hefur menntað jafn marga forystumenn í íslenskum landbúnaði, búvísindum, skógrækt, landslagsarkitektúr og skyldum fræðigreinum.

Fyrir það mikla framlag landbúnaðarháskólans í Ási vil ég við þetta tækifæri flytja skólanum þakkir íslenskrar þjóðar.

Eins og ég nefndi í upphafi er det norske landbruket i de gamle islendingasagaer en like selvsagt del av fortellingen som det islandske landnåmet, fristatstidens lovvedtak, godenes maktkamp og den kjærlighet og skjebne som ofte ble avgjort i de vakre sommernetter på Þingvellir ved Öksará.

Islandske bønder har i århundrer hentet forbilder og impulser fra de norske åkrer, daler og skoger. Og ingen anbefalinger av nye ting ble ansett for å være bedre enn de råd som kom fra Norge.

Den moderne tid vi møter i de islandske bygder, i de blomstrende bysamfunn og i den omfattende matvareproduksjonen, er i betydelig grad

resultat av den kunnskap og opplæring som vitenskapsmenn og eksperter, planleggere og administratorer, jordbrukere og rådgivere har fått her ved Landbrukshøgskolen på Ås.

Når man i tankene har villet hedre jorddyrkingen og vise den gavmilde natur ærbødighet med et eget Mekka, et lærdommens og kunnskapens tempel, da er det skolen her på Ås vi islendinger har hatt i våre tanker. Ja, selv når høyrøstede bønder møttes på livlige sammenkomster, senket alltid en ærbødig stillhet seg over de tilstedeværende når en Ås-kandidat gikk på talerstolen.

Da lærere, forskere og studenter like før siste århundreskifte startet sin virksomhet på Ås, var det den lokale bondefamilies åker og eng og deres husdyr som var utgangspunktet for all utdanning og forskning. I dag er hele verden vårt laboratorium. Hele biosystemet er en syntese som ikke kan stykkes opp. De nordlige områders isflater, Afrikas sletter, havets ressurser, vær og vind og strømmer; hele dette storslåtte komplekset er nå noe alle mennesker har ansvaret for.

Det er gledelig at til tross for Landbrukshøgskolens høye alder, så er dens visjoner i takt med det nye århundrets oppgaver: hele menneskehetens fremtid i et nytt årtusen.

Utdannelsen på Ås, som til å begynne med var tiltenkt den dyktige og selvstendige norske bonden, dreier i dag seg om livsvilkår og fremtid for alle medlemmer av hovedgården Jord.

Med denne nye æresdoktorens tittel fra Ås ser jeg frem til å kunne besøke islandske bønder og jordbruksområder med en større sikkerhet enn tidligere. Jeg er forvissnet om at mange av dem vil synes det innebærer en større heder å ikke bruke tittelen Herr president og i stedet bruke ærestittelen Doktor fra Ås når de skal henvende seg til den islandske republikkens president. Islandske bønder har lenge laget sin egen protokoll.

Ég bið rektor Roger Abrahamsen að flytja landbúnaðarháskólanum í Ási árnaðaróskir og kveðjur frá þeim mikla fjölda Íslendinga sem skólinn hefur fóstarað sérstaklega og frá íslenskum bændum sem notið haf góðs af þeirri menntun sem skólinn hefur veitt Íslendingum.

Við vonum að íslensk þjóð geti í framtíðinni átt farsæla samvinnu við hið merka menntasetur í Ási.

Að svo búnu endurtek ég þakkir mínar fyrir hinn mikla heiður og bið að bornar fram veitingar svo við getum innan tíðar lyft glösum til að hylla hið aldagamla menntasetur í Ási og óskað því allra heilla í framtíðinni.